



Starfsáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021

Áætlað er að starfsmenn í Grunnskólanum á Laugalandi verði jafnmargir skólaárið 2020-2021, og voru síðastliðið ár. Þá störfuðu við skólann 2 stjórnendur og 11 kennarar. Auk þess (í misstórum hlutföllum) 3 – 4 skólaliðar/stuðningsfulltrúar, 3 starfsmenn í mötuneyti og húsvörður, alls 8 einstaklingar.

5 skólabílar aka nemendum úr dreifbýlinu að og frá skóla.



Kennarar Laugalandsskóla mæta að öllu jafnan til starfa að afloknu sumarfríi og endurmenntunardögum þann 17. ágúst. Dagana fram að skólasetningu sem fram fer 24. ágúst undirbúa starfsmennirnir skólann fyrir komu nemenda. Kennarar skipuleggja kennslustofur og leggja á ráðin varðandi námsefni og kennslugögn. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar aðstoða við þessi störf og vinna með stjórnendum og húsverði við að koma skólanum í kennsluhæft ástand.

Haldnir eru samráðsfundir og farið á endurmenntunarnámskeið þegar það á við.

Fastir kennarafundir eru haldnir einu sinni í mánuði allt skólaárið (u.þ.b. 9 fundir). Auk þess eru haldnir skipulagðir samráðsfundir og ótal aðrir skipulagsfundir af ýmsu tagi.

Ákveðið hefur verið að 18. ágúst verði samráðsdagur skólastofnanna innan Odda byggðasamlags. Á slíkum degi hittast allir starfsmenn umræddra stofnanna og taka þátt í dagskrá er lýtur að því starfi sem fram fer innan skólakerfisins þar sem áhersla er lögð á menntun, mannúð og mannauð.

Í Grunnskólanum á Laugalandi er skólaárinu skipt upp í tvær annir, haustönn og vorönn og endar hvor önn á námsmatsviku.

Haustönn:

Skólasetning fer fram í skólanum föstudaginn 24. ágúst kl 10:00 og telst sá dagur vera fyrsti nemendadagur vetrarins. Kennsla hefst síðan samkvæmt stundaskrá mánudaginn 27. ágúst.

Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk fara fram á haustönninni sem hér segir:

Fimmtudaginn 24. sept. íslenska í 7. bekk og föstudaginn 25. sept. stærðfræði í 7. bekk.

Miðvikudaginn 30. sept. íslenska í 4. bekk og fimmtudaginn 1. okt.. stærðfræði í 4. bekk.

Fimmtudagurinn 24. september er réttardagur í Áfangagili, þetta er venjulegur skóladagur og bið ég foreldra að láta vita ef þeir vilja fá frí fyrir nemendur á réttardaginn.

Þann 4. október er skipulagsdagur hjá starfsmönnum, en þann dag sækja allir kennarar skólans haustþing kennara á Suðurlandi. Á skipulagsdögum er öllum nemendum skólans gefið frí.



Dagana 5. og 6. október er gert ráð fyrir samstarfsdögum á milli Hellu- og Laugalandsskóla. Einstaka nemendahópar fara þá í gagnkvæmar skólaheimsóknir. Nánari útfærsla á þessum samstarfsdögum mun fara fram í ágústmánuði.

Foreldradagur er mánudaginn 26. október.

Haustball unglíngastígs allra grunnskóla í Rangárvallasýslu fer fram í októbermánuði. Ákvörðun um dagsetningu verður tekin á fyrsta fundi skólastjórnenda viðkomandi skóla. Á sama fundi verður tekin ákvörðun um dagsetningar fastra hátíða skólanna s.s. íþróttahátíð í nóvember, listahátíð í janúar og árshátíð í mars.

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember hefst formlegur undirbúningur Stóru upplestrarkeppninnar, en 7. bekkur skólans tekur þátt.



Dagana 8. - 14. desember verða námsmatsdagar og í kjölfarið föndurdagur þann 15. desember og jólarí þann 16.. Á föndudeginum koma foreldrar 1. – 4. bekkjar í heimsókn í skólann og föndra með sínum börnum. Litlu- jólin eru þann 18. desember.

Vorönn:

Á nýju ári er starfsdagur hjá kennurum miðvikudaginn 4. janúar en nemendur mæta í skólann fimmtudaginn 5. janúar.

Sú hefð hefur skapast að allir nemendur skólans borða saman þorramat, sem nú verður föstudaginn 22. janúar og þá er upplýst hver á besta botninn í vísuþotnakeppni er haldin er. Foreldradagur er fimmtudaginn 18. febrúar.

Leikhúsferðir verða bæði fyrir eldri og yngri deildir í janúar og febrúar.

Þann 17. febrúar er starfsdagur og daginn eftir er foreldradagur, 18. febrúar.

Nemendur í 10. bekk verða í starfkynningum dagana 16.-18. febrúar.

Samræmd könnunarpróf hjá 9. bekk verða sem hér segir: þriðjudaginn 9. mars-íslenska, miðvikudaginn 10 mars-stærðfræði og fimmtudaginn 11. mars-enska.

Marsmánuður fer mikið í undirbúning árshátíðar skólans sem er 19. mars og generalprufa fyrr að deginum.

Árshátíð unglíngastígs allra grunnskóla í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu verður haldin fimmtudaginn 25. mars og mun hún nú fara fram á Hvolsvelli.



Að skóladegi loknum föstudaginn 26. mars eru nemendur komnir í páskafrí. Skólalald hefst síðan að páskafríi loknu þriðjudaginn 6. apríl.

Stóra upplestrarkeppnin fer fram í apríl, en þá verður farið með keppnisliðið okkar á keppnina.

Dagana 6.-7. maí er gert ráð fyrir samstarfsdögum milli Hellu og Laugalandsskóla (síðari hrina). Einstaka nemendahópar fara þá í gagnkvæmar skólaheimsóknir.

Víkuna 18.-25. maí er námsmatsvika 10. bekkjar, en gert er ráð fyrir að 10. bekkur verði í útskriftarferð sinni á þeim tíma sem aðrir nemendur skólans gangast undir námsmat vorannar sem mun fara fram á tímabilinu frá 18. – 25. maí.

Í maímánuði eru skipulagðir útivistardagar og vorferðir einstakra aldurstiga og eru ákvarðanir um slíkt teknar með tilliti til veðurspár hverju sinni.

27. maí er vordagur hjá nemendum þar sem þeir fara á mismundandi lærdóms- og skemmtistöðvar.

28. maí er umhverfisdagur þar sem allir nemendur 5.-9. bekkjar taka til hendinni í og við skólann.



31. maí er síðasti starfs- og skipulagsdagur skólaársins, en þann dag vinna starfsmenn m.a. að lokanámsmati vorannar og lokanámsmati skólaársins.

31. maí um kvöldið verða skólaslit í matsal skólans kl. 19:00.

Allir starfsmenn skólans starfa að frágangi dagana 1. -3. júní. Að þeim dögum loknum hefjast endurmenntunardagar starfsmanna og síðan sumarfrí. Stjórnendur skólans verða við störf í skólanum fram eftir júnímánuði við undirbúning næsta skólaárs.

Hér að ofan hefur verið lýst því helsta sem snýr að starfsemi skólans skólaárið 2020-2021. Nánari upplýsingar um skólastarfið má finna í skólanámsskrá skólans, Skólalýkli.